

Bárðarbunga_is update 25082014

2014-08-25 14:01 UTC

Bárðarbunga update

Höfundar

Hildur María Friðriksdóttir, Benedikt G. Ófeigsson, Melissa Anne Pfeffer, Sara Barsotti, Kristjana Eyþórsdóttir

Byggt á

Jarðskjálftamælingum, GPS, vatnssýnum

Gosmökkur

Hæð

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Stefna

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Litur

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Gjóskufall

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Eldingar

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Drunur

Ekkert eldgos, enginn gosmökkur

Bræðsluvatn

Vatnahæðar- og leiðnimælingar í Jökulsá á Fjöllum við Upptýppinga eru svipaðar og undanfarna daga. Gildin eru eins og við er að búast á þessum árstíma miðað við mælingar síðastliðinn áratug. Leiðnimælingar í Jökulsá á Fjöllum við brúna norðan Vaðöldu, í Rjúpnabrekkukvísl og í Köldukvísl eru einnig hliðstæðar því sem verið hefur að undanfögnu.

Aðstæður á gosstað

Ekkert eldgos

Órói

Engin merki um eldgosa-óróa

Jarðskjálftar

Öflug Jarðskjálftahrina heldur afram NE við Bárðabungu-öskjuna. virknin á svæðinu færir fram til norðurs. Skjálftavirknin er nú mest við norður enda 10 km langs gangs sem nú hefur náð um 7 km norður fyrir það Dyngjujökuls. Dýpi skjálfta er enn óbreytt milli 5-10 km. Klukkan 20:39 í gærkvöldi, varð skjálfti sem mældist ~5 að stærð í Bárðabungu-öskjunni. Síðan þá hafa skjálftar þar verið undir 5.

GPS-aflögun

Nýjustu gögn frá GPS landmælingum benda til þess að kvika sé enn að flæða inn í bergganginn undir Dyngjujökli og að berggangurinn sé nú að teygja sig í norðurstefnu undan Dyngjujökli. Þetta er í samræmi við staðsetningar jarðskjálfta síðastliðinn sólarhring. Líkanreikningar sem byggðir eru á GPS-gögnum gefa til kynna að heildarrúmmál kviku í bergganginum sé orðið u.þ.b. 300 milljón rúmmetrar. Áætlað er að bæta við nýjum GPS mælum í vikunni norðan Gæsavatna og á Urðarhálsi á næstu dögum.

Heildarmat

Ekki er hægt að segja til um það á þessari stundu hvert framhaldið verður. Þrjú möguleikar eru taldir líklegastir: 1) Að innflæði kviku stöðvist og skjálftahrinan fjari út og ekki komi til eldgoss. 2) Gangurinn nái til yfirborðs og elsgos hefjist. Líklegast er að það verði við norðurenda gangsins. Þá er líklegast að verði hraungos með nokkurri sprengivirkni. 3) Gangurinn nái til yfirborðs og eldgos hefjist en verulegur hluti eða öll sprungan verði undir Dyngjujökli. Gosið myndi leiða til jökulhlaups í Jökulsá á Fjöllum og e.t.v. einnig sprengigoss með öskufalli. Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir t.d. gos í Bárðabunguöskjunni en líkur á því eru mun minni á þessari stundu.